

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 67/2006

frá 2. júní 2006

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2006 frá 10. mars 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á sameiginlegu, evrópsku flugumferðarsvæði ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska flugumferðarstjórnarkerfisins ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Þessi ákvörðun á ekki að gilda að því er varðar Liechtenstein.
- 7) EFTA-ríkin hafa kynnt sér og taka mið af yfirlýsingu aðildarríkja Evrópubanda laganna um hernaðarmálefni sem lúta að sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu ⁽⁶⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 66s (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 488/2005) í XIII. viðauka við samninginn:

„66t. **32004 R 0549**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á sameiginlegu, evrópsku flugumferðarsvæði (Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 147, 1.6.2006, bls. 53, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 28, 1.6.2006, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 9.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 5. gr.:

„5. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar sem sett er á fót í 1. mgr., að undanskildum atkvæðarétti.“

b) Þessi reglugerð gildir ekki að því er varðar Liechtenstein.

66u. **32004 R 0550:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu (Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Að því er varðar Ísland hljóði síðasti málsliður 14. gr. svo:

„Kerfið þarf einnig að samræmast 15. gr. Chicago-samþykktarinnar um alþjóðaflugmál frá 1944 og innheimtakerfi Evrópustofnunar um flugumferðaröryggi fyrir yfirflugsgjöld eða samningum um sameiginlega fjármögnun á vegum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar fyrir Norður-Atlantshafssvæðið.“

b) Að því er varðar Ísland bætist eftirfarandi við í lok fyrsta málsliðar b-liðar 2. mgr. 15. gr.:

„eða Norður-Atlantshafssvæðið.“

c) Ef Eftirlitsstofnun EFTA tekur ákvörðun er varðar EFTA-ríkin í samræmi við 3. mgr. 16. gr. er hverju EFTA-ríki heimilt að bera ákvörðunina undir fastanefnd EFTA-ríkjanna innan eins mánaðar. Fastanefnd EFTA-ríkjanna getur breytt ákvörðuninni og hefur til þess einn mánuð.

d) Þessi reglugerð gildir ekki að því er varðar Liechtenstein.

66v. **32004 R 0551:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis á sameiginlega, evrópska flugumferðarsvæðinu (Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 2. gr.:

„Þegar kemur að málefnum, sem varða aðildarríki Evrópubandalaganna annars vegar og EFTA-ríkin hins vegar, skulu framkvæmdastjórn EB og Eftirlitsstofnun EFTA hafa með sér samráð og skiptast á upplýsingum við undirbúning ákvarðana sem þær taka í samræmi við ákvæði þessarar greinar.“

b) Eftirfarandi bætist við í 4. mgr. 5. gr.:

„Þegar gerðir eru gagnkvæmir samningar milli eins eða fleiri aðildarríkja Evrópubandalaganna annars vegar og eins eða fleiri EFTA-ríkja hins vegar skulu ríkin leita samráðs fyrirfram við hagsmunaaðila, meðal annars framkvæmdastjórnina, Eftirlitsstofnun EFTA og önnur aðildarríki Evrópubandalaganna og EFTA-ríki.“

c) Þessi reglugerð gildir ekki að því er varðar Liechtenstein.

66w. **32004 R 0552**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska flugumferðarstjórnarkerfisins (Stjtíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Þessi reglugerð gildir ekki að því er varðar Liechtenstein.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 549/2004, 550/2004, 551/2004 og 552/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. júní 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. júní 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.